

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>

Til : Sveitarstjóri Dalabyggð;Dalir
Frá : Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>
Heiti : Tilkynning um kæru 35/2021.
Málsnúmer : 2103032
Málsaðili : Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skráð dags : 19.3.2021 14:03:59
Höfundur : Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>

Viðhengi

[3775_001.pdf](#)

Góðan dag.

Efni. Tilkynning um kæru. stjórnvald


Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 19. mars 2021 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun um „álagningu gjalda skv. 3. grein gjaldskrár fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð, sem staðfest var 10. desember 2020."

Vegna framkominnar kröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi gefið kostur á að tjá sig um kröfuna, 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,
f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)




Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður
Please consider the environment before printing

10. mars 2021.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,
Borgartúni 21, Höfðaborg,
105 Reykjavík.



Kæra vegna gjaldskrár fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð.

Ég undirritaður, Ástvaldur Elísson, kt. [REDACTED], Hofakri, Dalabyggð, kæri hér með álagningu gjalda skv. 3. grein gjaldskrár fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð, sem staðfest var 10. desember 2020.

Krafa mín er að farið verði eftir 2. grein fyrrnefndrar gjaldskrár, en þar segir m.a. „Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum“. Þriðja grein gjaldskrárinnar þar sem gerð er grein fyrir fjórum gjaldflokkum stangast á við tilvitnaðan texta úr annarri grein.

Enn fremur vil ég áréttta að skipting skv. 3. grein í gjaldflokka mismunar búfjáreigendum gróflega, þar sem aðeins þarf að eiga ígildi 80 kinda til að lenda í hæsta gjaldflokki. Þessi flokkun hyglir þeim sem eiga fjölda búfjár á kostnað þeirra sem færri eiga.

Óskað var eftir því við sveitarstjórn Dalabyggðar að endurskoða og leiðrétta gjaldskrána en því var hafnað.

Ég vil að endingu ítreka þá kröfu mína að gjald þetta verði lagt á eftir tölu búfjár hjá hverjum og einum búfjáreiganda (eins og segir í 2. grein) enda er það sanngjarnast fyrir alla aðila.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in cursive script that reads "Ástvaldur Elísson".

Ástvaldur Elísson.

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingudýraleifa í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt nr. 171/1995 um sorphirðu í Dalabyggð.

2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda og annarra búfjáreigenda með skráðan bústofn og komið í viðeigendi meðhöndlun. Farin verður ein ferð í viku að jafnaði.

3. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar á dýrahæjum er innheimt af bújörðum, hesthúsum og öðrum aðilum sem eru með skráðan bústofn og er árlega sem hér á eftir segir (miðað við hausttölur ár hvert, upplýsingar frá Matvælastofnun). Eitt hross reiknast sem þrjár ær og einn nautgripur sem fimm ær:

a) Sauðfé ≤ 20	kr.	22.000
b) Sauðfé 21 – 40	kr.	42.350
c) Sauðfé 41 – 80	kr.	56.100
d) Sauðfé > 80	kr.	67.100

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 10. desember 2020 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Búðardal, 10. desember 2020.


Kristján Sturluson
sveitarstjóri



1. mars 2021

Málsnr. 2102025

Erindi: Gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð

Góðan daginn.

Vísað er til erindis vegna gjaldskrár fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð dagsett 17. febrúar 2021.

Erindið var tekið fyrir á 263. fundi byggðarráðs Dalabyggðar þann 25. febrúar sl. og afgreitt þannig, dagskrárliður 17:

17. 2102025 - Erindi varðandi gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa.

Ástvaldur Elísson lýsir óánægju sinni með gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð sem samþykkt var af sveitarstjórn 10. desember 2020

Fyrirliggjandi gjaldskrá verður ekki breytt á þessu ári. Horft verður til athugasemdanna við gerð gjaldskrár vegna fjárhagsáætlunar 2022. Við vinnslu gjaldskrár vegna ársins í ár leitaðist Dalabyggð við að mæta ábendingum sem málsaðili lagði fram á síðasta ári. Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.



Kristján Sturluson
sveitarstjóri Dalabyggðar

17. febrúar 2021.

Sveitarstjórn Dalabyggðar.

Gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð.


Undirritaður lýsir hér með óánægju sinni með gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð sem samþykkt var af sveitarstjórn 10. desember 2020.

Þessi gjaldskrá mismunar búfjáreigendum í Dalabyggð þannig að ekki verður við unað. Eins og kom fram í kvörtun minni í fyrra er það óásættanlegt að búfjáreigendur með tiltölulega fátt búfé greiði sama gjald og þeir sem eiga fjölda búfjár.

Þar sem sveitarfélagið notar tölur um fjölda búfjár frá Matvælastofnun til að flokka búfjáreigendur eftir gildandi gjaldskrá, hlýtur það að vera einfalt mál að nota þær tölur og reikna gjaldið eftir búfjáreign hvers og eins.

Það er því krafa mín að sveitarstjórn bregðist við þessu óréttlæti og breyti gjaldskránni á þann veg að hver og einn búfjáreigandi greiði í samræmi við búfjáreign sína.

Virðingarfyllst,



Ástvaldur Elísson

Hofakri.

Haustskýrsla 2020-2021

Skilað 11.11.2020

Gert er ráð fyrir að uppskera grænfóðurs verði skráð ásamt stærðum á því landi sem nýtt er til fóðurframleiðslu. Sé um að ræða land í eigu annarra skal engu að síður skrá þær landstærðir á haustskýrslu.

Fóðureiningar grænfóðurs og rúmpýngd þess er sjálfvalin þegar haustskýrslu er skilað á rafrænan hátt í Bústofni.

BÚFJÁREIGANDI

Búfjáreigandi: Ástvaldur Elísson
Heimilisfang: Hofakri
371 Búðardalur
Netfang: [REDACTED]

BÚ

Bú: Hofakur - [REDACTED]
Sveitarfélag: Dalabyggð
Varnarhólf: Dalahólf Ljósgrár
Búnaðarsamband: Búnaðarsamtök Vesturlands
Dýralæknaumdæmi: Vesturumdæmi
Dýraeftirlitssvæði: 2
Umráðamaður: Ástvaldur Elísson
Kennitala: [REDACTED]
Heimilisfang: Hofakri
Póstfang: 371 Búðardalur

BÚFÉ

	Fjöldi	Fóðurbörf (FEm)	Fóðurbörf alls	Athugasemdir
--	--------	-----------------	----------------	--------------

Álagningarseðill fasteignagjalda 2021

Útgefið af Útvefningu Landspítala

Íslenski vaxenduráðgjafi og fjárfingarástafa / Dalabyggð

Dalabyggð
Músdalur 11 • 170 Búðardal • 11 210042019



Ástvaldur Elísson

Hofakur

371 Búðardal

Fasteignin [REDACTED] Hofakur

Álagning:	2021-001	Álagning 2021
Kennitala:	[REDACTED]	
Fasteign:	[REDACTED]	
Heiti:	Hofakur	
Dagsetning:	03.02.2021	Síða 1

Fasteignamat og lóðarhlutamat eru gefin upp í böndum króna						
Einingar	Flatarmál	Rómmál	Fasteignamat húss	Lóðarhlutamat	Fasteignamat alls	Greiðsluhlf.